



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. janúar 2024
Tilvísun: 2024010069

Efni: Umsögn vegna Máls UMH 23090017 - Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt þar sem óskað er eftir umsögnum um drög á breytingu á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Breytingartillangan nær yfir ákvæði er varðar búningsaðstöðu þ.e. að sund- og baðstaðir komi sér upp kynhlutlausri búningsaðstöðu auk þess sem breyting er gerð á orðalagi er varðar síunarhraða.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir drögin og gefur eftirfarandi umsögn :

1. Að mati HER á breyting á 9. gr. er varðar kynhlutlausu búningsklefa fyrir baðgesti fremur heima í byggingareglugerð, þar sem nýbyggingar og meiriháttar breytingar þurfa að fara fyrir byggingafulltrúa.
2. Í mörgum sundlaugum í Reykjavík eru þegar til staðar sérklefar sem nýtast fyrir fjölbreyttan hóp fólks sem af einhverjum ástæðum hentar ekki að nota kynskipta klefa. Betra væri að kynhlutlaus búningsaðstaða á baðstað myndi nýtast fleirum en þeim sem eru kynhlutlausir. Að mati HER væri sérklefi sem nýtist fleirum betri kostur.
3. Skilgreina þarf orðið kynhlutlaus klefi.
4. Ekki kemur fram hvaða búnaður er tengdur við klefann svo sem þurrkaðstaða, salerni, munaskápar og fleira. Ekki kemur fram hvort klefinn sé ætlaður einstaklingnum eða fleirum samtímis.
5. Skilgreina þarf betur hvað átt er við með „meiriháttar breytingum“ sbr 9 gr.
6. Í breytingatillögu er tekin út ein sturta þar sem fram fer sundkennsla . Þegar sundkennsla fer fram kemur saman stærri hópur í einu. HER telur ekki nægilegt að vera með tvær sturtur í almennum klefum þar sem fram fer sundkennsla .
7. Í breytingartillögu kemur fram að við mat á fjölda sturta eigi að horfa til þess að hver sturta sé notuð af 12 manns á klukkutíma eða annarra álagspátta. Í 8. gr. reglugerðarinnar (nr. 814/2010) kemur fram að við hönnun sund- og baðstaða skal ákvarða gestafjölda sem mannvirkinu er ætlað að anna á hverri klukkustund, þar sem gert er ráð fyrir álagspunktum. Fyrir eldri laugar skal Heilbrigðisnefnd ákvarða gestafjölda þeirra út frá stærð fatarýmis, sturtufjölda, fjölda salerna, afkastagetu hreinsibúnaðar og aðra þætti sem takmarka gætu gestafjölda. Eðlilegra væri að koma inn í reglugerð hvernig hámarksgestafjöldi sundstaða er metinn og hafa það undir sömu grein, þ.e. ekki á tveimur stöðum í reglugerðinni (sjá leiðbeiningar Umhverfisstofnunar: *Útreikningar fyrir hámarksfjölda gesta í sundlaug og potta á sund- og baðvatnsstöðum*).



8. Varðandi orðalag og breytingu á 2. gr. í viðauka II þá leggur HER til að talað verði fremur um hringrás/hringrásarhraða fremur en endurnýtingu/endurnýtingahraða. Á enskri tungu er venjulega talað um circulation eða circulation speed.

Einnig tekur HER undir umsögn HSL.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kolbrún Georgsdóttir

Kolbrún Georgsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Astrún Eva Sívertsen

Astrún Eva Sívertsen
Heilbrigðisfulltrúi